

SES PRO námskeið í skilnaðarráðgjöf fyrir fagfólk sem starfar á sviði skilnaðar- og fjölskyldumála.

Hvað er SES?

SES er þróað af sérfræðingum við Kaupmannahafnarháskóla og byggir á gagnreyndu námsefni sem hjálpar foreldrum að takast á við breytingar og áskoranir í kjölfar skilnaðar eða sambúðarslita með hagsmuni barna að leiðarljósi. Markmið SES er að foreldrar fái verkfæri til að hjálpa sér og börnum sínum á sem jákvæðastan hátt í gegnum skilnaðinn og jafnframt að draga úr ágreiningi milli foreldra.

Hvað er SES PRO fyrir fagfólk?

SES PRO var þróað til að veita fagfólki þekkingu og aðferðafræðileg verkfæri til að efla skilnaðarráðgjöf og stuðning við foreldra og börn sem búa á tveimur heimilum. Markmið SES PRO er jafnframt að innleiða og þróa nýtt vinnulag og hugmyndafræði í félags- og heilbrigðisþjónustu meðal fagaðila sem starfa með fjölskyldum og börnum.

Umsjón og kennsla:

Umsjónar- og ábyrgðaraðilar SES á Íslandi eru Gyða Hjartardóttir, félagsráðgjafi MA, aðjúnkt í félagsráðgjöf við HÍ og sérfræðingur í málefnum barna og Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerita í félagsráðgjöf við HÍ og þerapisti hjá Meðferðarþjónustunni Tengsl. Kennarar á námskeiðinu eru reyndir sérfræðingar í fjölskyldumálum, skilnaðarráðgjöf og framkomu.

Hvenær verður næsta SES PRO námskeið?

Næsta námskeið verður haldið á Hótel Kríunesi dagana 28. - 29. september 2023 kl. 9:00 - 16:00 og 3. nóvember 2023 kl. 09:00 - 15:00.

Námskeiðið kostar 96.900 kr. Innifalið í námskeiðsgjaldi er morgunhressing, hádegismatur og miðdegishressing. Athugið að námskeiðsgjöld geta verið niðurgreidd af stéttarfélögum.

SES PRO gefur þér:

- Sérhæfða þekkingu á hugmyndafræði og rannsóknargrunni SES.
- Markvissa þjálfun og fjölbreytt verkfæri til að vinna með börnum og fjölskyldum.
- Hæfni til þess að leiðbeina foreldrum með fræðslu og ráðgjöf í tengslum við skilnað eða sambúðarslit.
- Aðgang að nýjustu rannsóknum og sérfræðingum á sviði skilnaðar- og fjölskyldumála.

Fyrir skráningu eða frekari upplýsingar hafið samband við linda@samvinnaeftirskilnad.is eða gyda@samvinnaeftirskilnad.is

